

## **Reglur um starfslaun bæjarlistamanns í Vestmannaeyjum**

Vestmannaeyjabær úthlutar starfslaunum til listamanna í Vestmannaeyjum eftir eftirfarandi reglum:

### **1. grein**

Bæjarstjórn Vestmannaeyja tekur ákvörðun um að úthluta starfslaunum til bæjarlistamanns við afgreiðslu fjárhagsáætlunar ár hvert.

Bæjarráð Vestmannaeyja velur þá listamenn sem hljóta starfslaun hverju sinni.

### **2. grein**

Markmið úthlutunar starfslauna bæjarlistamanns er að sá listamaður sem þau hljóti geti helgað sig betur listsköpun sinni eða einstökum verkefnum á vettvangi listarinnar á tímabilinu. Að jafnaði skulu þeir sem hafa lögheimili í Vestmannaeyjum koma til greina sem bæjarlistamenn Vestmannaeyja hverju sinni, en Bæjarráð getur þó ákveðið annað sé tilefni til.

### **3. grein**

Auglýst er í marsmánuði eftir umsóknum og/eða tilnefningum að „Bæjarlistamanni Vestmannaeyja”, með umsóknarfresti skv. auglýsingu í bæjarblöðum, á heimasíðu sveitarfélagsins og á samfélagsmiðlum. Bæjarráði er frjálst að úthluta starfslaununum hvort sem er til einstaklings, hóps, hljómsveitar eða félagasamtaka. Bæjarráð velur úr framkomnum tilnefningum/umsóknum og úthlutar á sumardaginn fyrsta. Viðkomandi hlýtur titilinn „Bæjarlistamaður Vestmannaeyja” fyrir úthlutunarárið.

### **4. grein**

Bæjarráði er einnig frjálst með úthlutun starfslaunanna að heiðra vestmannaeyyska listamenn sem með listsköpun sinni hafa skarað fram úr og haft djúp áhrif á listasögu og menningu Vestmannaeyja. Engan má þó útnefna án samþykkis hans sjálfs.

### **5. grein**

Bæjarlistamaður skal gera grein fyrir því sem hann hyggst vinna að á starfslaunatímabilinu og hvenær hann hyggst vinna að verkum sínum, það skal hann gera í samráði við starfsmann Vestmannaeyjabæjar. Bæjarlistamaður kynnir þær hugmyndir á fundi Bæjarráðs eins fljótt og auðið er frá útnefningu.

### **6. grein**

Starfslaun eru föst greiðsla samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar og fjárhagsáætlun.

Starfslaun eru greidd án orlofsgreiðslu eða annarra launatengdra gjalda. 70% starfslauna skulu greidd að lokinni útnefningu listamanns en 30% við lok tímabils þegar listamaður hefur gert grein fyrir starfi sínu.

### **7. grein**

Að loknu starfstímabili skal bæjarlistamaðurinn gera grein fyrir starfi sínu með greinargerð til Bæjarráðs, með sýningu, flutningi eða upplestri á verki í frumflutningi eða frumbirthingu, allt eftir nánara samkomulagi við Vestmannaeyjabæ hverju sinni. Ekki er gert ráð fyrir sérstakri greiðslu til listamanns fyrir flutning eða sýningu verks skv. framangreindu en listamaður heldur höfundarrétti sínum óskertum.

### **8. grein**

Reglur þessar taka gildi við samþykkt bæjarráðs dags. 14.apríl 2016 og staðfestingu bæjarstjórnar sama dag.